TRÖÐ Á HELLISSANDI



Í Tröð á Hellissandi er gamall skógarlundur, í sérkennilegu og heillandi umhverfi. Hér ræktaði Kristjón Jónsson tré við erfiðar aðstæður. Nú er reiturinn í umsjá Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli.

Kristjón Jónsson bjó á Gilbakka á Hellissandi, sem nú er horfinn, en var skammt norðan lundarins við núverandi þjóðveg. Kristjón var ættaður úr Breiðafjarðareyjum. Hann fékk umráð yfir Gilbakka og Tröð um 1920. Hann nýtti Tröðina til heyja og gaf hún af sér sem svaraði 1 kýrfóðri á ári.

Kristjón varð að skera fé sitt í kjölfar mæðuveikifaraldurs um 1950. Hætti hann þá með kindur og hóf trjárækt í Tröðinni. Fyrstu trén munu þó gróðursett um 1950. Voru það tvö reyniviðartré sem lengi stóðu. Kristjón mun hafa verið afar natinn og áhugasamur í trjáræktinni.

Lundurinn er innan sérkennilegra grjóthlaðinna girðinga, sem eiga sér eldri sögu. Lundurinn er í stórri kvos. Bakkarnir (brystin) umhverfis kvosina, eða lundinn, kallaði Kristjón "Börðin". Trjágróðurinn er mestur í brekkunum niður af "Börðunum", einkum að vestanverðu.

Í miðju lundarins, undir börðunum, eru stórar, tiltölulega sléttar grasflatir, sem kallast einfaldlega "Flatirnar". Þær hækka nokkuð til suðurs og trjágróðurinn brýtur þær upp á stöku stað.

Stapi heitir lítill hóll á vinstri hönd, þegar komið er inn fyrir hliðið. Stekkur fyrir ærnar var undir Stapanum að sunnanverðu. Lítið eitt sunnar er trjáþyrpingin "Lundur" og þar suður af lítill hóll er nefnist "Hestur". Austan Hests, ofan "Barða", eru tóftir, hrundar grjóthleðslur. Þar mun hafa verið hesthús Kristjóns. Syðst í Tröð er síðan "Margrétarlundur" sem er nefndur svo til heiðurs systur Kristjóns. Að vestanverðu er sérkennilegur klettur, nefndur "Kleinuklettur".

Utan hliðs á hægri hönd er stór klofinn steinn er Kristjón kallaði "Kirkju".

Að sögn Grétars, sonar Kristjóns, mun faðir hans hafa alist upp við gamla þjóðtrú, þar sem trúin á álfa, huldufólk, sjóskrímsli og fjörulalla þótti sjálfsögð. Kristjón sagði að "Stapinn" væri fullur af huldufólki, þar væri raunar höfðingjasetur. Þá taldi hann sig stundum sjá ljós í "Kirkjunni".

Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is